

Fundur-18. mars 2005

Endurrit fundargerðar umhverfis- og náttúruverndarnefndar Reykhólahrepps 18. mars 2005

Ár 2005 þann 18. mars kom Umhverfis- og náttúruverndarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Einnig sátu fundinn Guðjón D. Gunnarsson og sveitarstjóri er reit fundargerð. Sérstakur gestur fundarins var Ragnhildur Jónsdóttir frá skrifstofu Staðardagskrár 21 í Borgarnesi sem mætir í forföllum Arnheiðar Hjörleifsdóttur.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og gaf síðan Ragnhildi orðið. Hún greindi frá því að margir tengja staðardagskrárvinnuna við sorp og skólp, en ekki mætti gleyma félagslegu þáttunum.

Á fundi nefndarinnar 2. desember 2004 voru valdir 10 málaflokkar fyrir Reykhólahrepp. Ragnhildur benti á að þetta væru allt umhverfisþættir en ekki mætti gleyma samfélagslegu þáttunum.

Ákveðið var að fara yfir flokkana 10:

- 1) Drykkjarvatn. Auka þarf gæði vatnsins á Reykhólum með því að bæta frágang vatnsbóla. Enn fremur er sums staðar vatnsskortur, t.d. í Breiðafjarðareyjum. Enn fremur er vatnsbólum víða ábótavant á sveitabæjum. Ný vatnslögn út í Karlsey er komin á fjárhagsáætlun 2005 en sú framkvæmd felur í sér eflingu vatnsbóla.
- 2) Fráveitumál. Fráveitumálum er ábótavant. Heita vatnið og niðurfallsvatn úr götum á Reykhólum rennur beint í rothærnar sem truflar virkni þeirra. Dýrt er að ráða bót á þessu, en ekki er með öllu slæmt að úrgangur brotni niður í mýrinni neðan við Reykhóla. Stífla þyrfti þó skurði. Einnig hvetja bændur til átaks í þessum eignum á bæjum sínum.
- 3) Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Koma þyrfti upp flatgryfjum eða safnþróum fyrir lífrænan úrgang, þ.e. garðaúrgang og úrgang frá Þörungaverksmiðjunni. Ruslið er óflokkað á ruslahaugum hreppsins og ástand óviðunandi. Einnig var rætt um rúlluplast og bílflök. Rætt um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.
- 4) Meindýraeyðing. Kostnaður við minkaeyðingu er umtalsverður. Staða þessara mála er talsvert betri hér en í nágrennasveitarfélögunum. Eyða þarf mink á ársgrundvelli en ekki með sportveiði.
- 5) Orkunýting. Fyrir liggur að t.d. frá Þörungaverksmiðju streymir 60°C heitt vatn í sjóinn. Jarðhiti er víða að finna í sveitarfélaginu. Uppi eru hugmyndir um risarækjueldi o.fl. sem stuðlar að frekari nýtingu jarðhitans. Minnka má rafmagnseyðslu með því að bæta t.d. útilýsingu og hafa hana hnitmiðaðri þannig að hún lýsi ekki upp geiminn í tilgangssleysi.
- 6) Skógrækt. Efla þarf skógrækt í hreppnum. Nokkrir skógarbændur eru í hreppnum. Skjólbelti eru af hinu góða. Gera þyrfti útivistarskóg ofan vegar frá Grundará að Miðhúsaeyrnu.

Fleira var ekki hægt að taka fyrir að sinni. Ákveðið að halda næsta fund með Ragnhildi 4. apríl kl. 13:00

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Einar Örn Thorlacius (sign)

Ragnhildur Helga Jónsdóttir (sign)

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Guðjón D. Gunnarsson (sign)

Tómas Sigurgeirsson (sign)

Ása Stefánsdóttir sat mestallan fundinn en það látist að láta hana undirrita fundargerð við brottför sína.